

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 51 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 9. júní kl. 17:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir eru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Aníta Jóhannsdóttir, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastóri. Agnes Einarsdóttir boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Byrjað var á að samþykkja og undirrita síðustu fundargerð.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

1. **Upplýsingar um fund með Vegagerðinni varðandi Covid-19 og aðkomu ríkisins að félaginu.**
Framkvæmdastóri og stjórnarformaður fóru yfir viðræður sem hafa átt sér stað með Vegagerðinni að undanfögnu. Vonir standa til að samningur vegna fjárframlaga úr neyðarsjóði ríkisins vegna Covid-19 verði tilbúinn til undirritunar sem fyrst.

Niðurstaða: Stjórnin þakkar yfirferðina.

2. **Farþegar og fragt –þróun út maí 2020.**
Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir farþegatölur og þróun út maí 2020.

Niðurstaða: Stjórnin þakkar kynninguna.

3. **Uppfærð rekstraráætlun fyrir 2020.**
Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir uppfærðar rekstrartölur. Rauntölur vegna apríl voru örlítið betri en Covid spár gerðu ráð fyrir en félagið mun verða af umtalsverðum tekjum á næstu mánuðum vegna áhrifa af Covid-19.

Niðurstaða: Stjórnin þakkar yfirferðina.

4. **Önnur mál.**
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur stjórnar áætlaður kl. 10:30 þann 17. júní.

Fundargerð ritaði Aníta Jóhannsdóttir.